

**534. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 12. febrúar 2020
og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Anton Helgi Guðjónsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Ragnar Ingi Kristjánsson, Þóra Marý Arnórsdóttir formaður, Lína Björg Tryggvadóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jóna Símonía Bjarnadóttir og Daníel Jakobsson aðalmaður.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur - 2018020100

Á 1088. fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, sem haldinn var 6. janúar sl., var lagður fram tölvupóstur Egils Þórarinssonar f.h. Skipulagsstofnunar, dagsettur 27. desember sl., þar sem óskað er umsagnar vegna frummatsskýrslu um vegagerð á Vestfjarðarvegi (60) um Dynjandisheiði og á Bíldudalsvegi (63) Bæjarráð vísaði umsagnarbeiðni til skipulags- og mannvirkjanefndar.

Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar telur frummatsskýrslu vegna vegagerðar þ.e. Vestfjarðarvegur um Dynjandisheiði og Bíldudalsveg uppfylla skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og geri grein fyrir framkvæmdinni á fullnægjandi hátt.

Með hliðsjón af valkostum í frummatsskýrslu í áföngum I, II og III. Er það mat skipulags- og mannvirkjanefndar að þverun Vatnsfjarðar sé ákjósanlegasti kosturinn í leiðarvali í fyrsta áfanga þ.e. að farnar verði veglínur F2 eða F3, gera má ráð fyrir því að ásynð í landslagi verði veruleg, hinsvegar felur umhverfismat í sér að samfélagsleg, efnahagsleg og umhverfisleg sjónarmið séu metin. Veglínur F2 og F3 í áfanga I munu hafa jákvæð áhrif á þá sem munu dveljast í Vatnsfirði, þar með jákvæð áhrif á útivist og ferðamennsku. Einnig má gera ráð fyrir nokkuð neikvæðum áhrifum á fornleifar og gróður við leiðarval A1 og A 3 í áfanga I. Í áfanga II eru lagðir fram eftirfarandi valkostir þ.e. veglínur F, B2, D og E. Í samanburði valkosta er leið E frá Norðurdalsár og norður fyrir Botnshestinn þ.e. jarðgangaleiðin ákjósanlegasti kosturinn með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar. Í framhaldi áfanga II er Veglína F um Dynjandisvog ákjósanleg m.t.t. umferðaröryggissjónarmiða og minna rasks á fornminjum. Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til að leið F verði farin um Dynjandisvog og að ásynð framkvæmdarinnar verði lágörkuð með mótvægisáðgerðum. Nefndin leggst gegn leiðarvali D þar sem hún uppfyllir ekki viðmið um hönnunarstaðla, þar sem forsendur framkvæmdarinnar er styrking samfélags með bættum samgöngum og með m.t.t. umferðaröryggis.

Í áfanga III: Bildudalsvegur, Bildudalsflugvöllur-Vestfjarðarvegur er lagt upp með veglínur x, y og z. Almenn sátt virðist ríkja á milli Vegagerðar og landeigenda með veglínu Z og leggur Vegagerðin til að sú leið verði valin. Nefndin tekur undir sjónarmið Vegagerðar.

2. Æðartangi 6, lóðarúthlutun 2020 - 2019120060

Hallvarður Aspelund f.h. Nora Seafood sækir um lóð á iðnaðar og athafnasævði við Æðartanga 6, Ísafirði. Fylgiskjal er umsókn dags. 16. desember 2019.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Nora Seafood ehf. fái lóð við Æðartanga 6, Ísafirði skv. umsókn með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Gatnagerðargjald skal lagt á skv. a lið 3. gr. samþykktar um gatnagerðargjöld í Ísafjarðarbæ. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun lóðar, staðfest af bæjarstjórn. Lóðunum er úthlutað í því ástandi sem þær eru og umsækjandi ber allan kostnað við að gera lóðirnar byggingahæfar.

3. Æðartangi 8, lóðarúthlutun 2020 - 2020010044

Magnús Jónsson hjá Gömlu spýtunni ehf. sækir um lóð við Æðartanga 8 á Ísafirði. skv. meðfylgjandi umsókn dags. 17. desember 2019.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Gamla spýtan ehf. fái lóð við Æðartanga 8, Ísafirði skv. umsókn með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Gatnagerðargjald skal lagt á skv. a lið 3. gr. samþykktar um gatnagerðargjald í Ísafjarðarbæ. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun lóðar, staðfest af bæjarstjórn. Lóðunum er úthlutað í því ástandi sem þær eru og umsækjandi ber allan kostnað við að gera lóðirnar byggingahæfar.

4. Æðartangi 10, lóðarúthlutun 2020 - 2020010045

Magnús Jónsson hjá Gömlu spýtunni ehf. sækir um lóð við Æðartanga 10 á Ísafirði. skv. meðfylgjandi umsókn dags. 17. desember 2019.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Gamla spýtan ehf. fái lóð við Æðartanga 10, Ísafirði skv. umsókn með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Gatnagerðargjald skal lagt á skv. a lið 3. gr. samþykktar um gatnagerðargjöld í Ísafjarðarbæ. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun lóðar, staðfest af bæjarstjórn. Lóðunum er úthlutað í því ástandi sem þær eru og umsækjandi ber allan kostnað við að gera lóðirnar byggingahæfar.

5. Æðartangi 12, lóðarúthlutun 2020 - 2020010046

Garðar Sigurgeirsson hjá Vestfirskum verktökum ehf. sækir um iðnaðarlóð við Æðartanga 12 á Ísafirði. skv. meðfylgjandi umsókn dags. 16. janúar 2020.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Vestfirskir verktakar ehf. fái lóð við Æðartanga 12, Ísafirði skv. umsókn með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Gatnagerðargjald skal lagt á skv. a lið 3. gr. samþykktar um gatnagerðargjöld í Ísafjarðarbæ. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist

innan 12 mánaða frá úthlutun lóðar, staðfest af bæjarstjórn. Lóðunum er úthlutað í því ástandi sem þær eru og umsækjandi ber allan kostnað við að gera lóðirnar byggingahæfar.

6. Æðartangi 14, lóðarúthlutun 2020 - 2020010048

Garðar Sigurgeirsson hjá Vestfirskum verktökum ehf. sækir um iðnaðarlóð við Æðartanga 14 á Ísafirði. skv. meðfylgjandi umsókn dags. 16. janúar 2020.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Vestfirskir verktakar ehf. fái lóð við Æðartanga 14, Ísafirði skv. umsókn með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Gatnagerðargjald skal lagt á skv. a lið 3. gr. samþykktar um gatnagerðargjöld í Ísafjarðarbæ. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun lóðar, staðfest af bæjarstjórn. Lóðunum er úthlutað í því ástandi sem þær eru og umsækjandi ber allan kostnað við að gera lóðirnar byggingahæfar.

7. Æðartangi 16, lóðarúthlutun 2020 - 2020010047

Garðar Sigurgeirsson hjá Vestfirskum verktökum ehf. sækir um iðnaðarlóð við Æðartanga 16 á Ísafirði. skv. meðfylgjandi umsókn dags. 16. janúar 2020.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Vestfirskir verktakar ehf. fái lóð við Æðartanga 16, Ísafirði skv. umsókn með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Gatnagerðargjald skal lagt á skv. a lið 3. gr. samþykktar um gatnagerðargjöld í Ísafjarðarbæ. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun lóðar, staðfest af bæjarstjórn. Lóðunum er úthlutað í því ástandi sem þær eru og umsækjandi ber allan kostnað við að gera lóðirnar byggingahæfar.

8. Ósk um breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 - stækkun íbúðabyggðar - 2019110057

Jóhann Birkir Helgason sækir heimild f.h. Halldóru Þórðardóttur og Sævars Óla Hjörvarssonar til þess að breyta Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 á svæðinu á milli Seljalandsvegur 78 og 84 og gerð deiliskipulags. Sótt er um að breyta landnotkun úr opnu svæði í íbúðarsvæði. Fylgigögn eru erindisbréf dags. 27.des. sl.

Skipulags- og mannvirkjanefnd vísar til 29. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 en samkvæmt þeim er það á ábyrgð sveitarfélaga að annast vinnslu aðalskipulags.

Skipulags- og mannvirkjanefnd óskar eftir umsögn Védurstofu vegna ofanflóða á reitnum.

9. Árneshreppur - breyting á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi vegna Hvalárvirkjunar - 2017090023

Lagður er fram tölvupóstur Þórðar Más Sigfússonar, skipulagsfulltrúa Árneshrepps, dags. 29. janúar sl., ásamt skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Árneshrepps og nýs deiliskipulags í tengslum við Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði.

Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar gerir ekki athugasemdir við skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Árneshrepps og nýs

deiliskipulags vegna Hvalár.

10. Rofavörn, Pollgata - 2020020004

Lögð fram drög að minnisblaði Vegagerðar dags. 21.05.2014 ásamt þversniðum vegna fyrirstöðugarðs meðfram Pollgötu.

Skipulags- og mannvirkjanefnd telur brýna þörf að tryggja öryggi vegferenda meðfram Pollgötu, nefndin leggur jafnframt áherslu á að útfærsla og hönnun verði í nánú samráði við bæjaryfirvöld og tekið verði tillit til ásýndar og aðgengis að Pollinum.

11. Gámar og lausafjármunir 2019, stöðuleyfi - 2019090029

Hólmfríður Vala Svavarsdóttir sækir um stöðuleyfi fyrir 6m hátt samkomutjald við Harðaskálaflöt á Seljalandsdal. Tjaldið er hugsað sem viðbótarrými þegar skálinn er fullnýttur eins og á skíðagöngunámskeiðum og við mótshald.

Meðfylgjandi er umsókn um stöðuleyfi dags. 10. febrúar 2020.

Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir samkomutjald á Harðaskálaflöt, ekki skal hafa viðveru að næturlagi.

Daníel Jakobsson vék af fundi við afgreiðslu þessa liðs.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15

Ragnar Ingi Kristjánsson

Þóra Marý Arnórsdóttir

Jóna Símonía Bjarnadóttir

Daníel Jakobsson

Axel Rodriguez Överby